

Alþingi  
Erindi nr. P 130/711  
komudagur 7.1.2004

**EYÞING** – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –  
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang [eything@est.is](mailto:eything@est.is)


Akureyri 5. janúar 2004

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá iðnaðarnefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri, 33. mál. Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn:

Stjórnin styður aðgerðir er miða að stuðningi við smá og meðalstór fyrirtæki og leggur áherslu á að augunum verði sérstaklega beint til landsbyggðarinnar í þessu sambandi. Einnig er lögð áhersla á mikilvægi þess að aðgerðum verði beitt, eins og unnt er, um einn og sama farveginn, t.d. með milligöngu atvinnuþróunarfélaganna. Stjórnin vekur athygli á mikilvægi þess að stofnunum sem ætlað er að sinna þessu hlutverki verði mörkuð skýr stefna þannig að eflingu atvinnulífsins og nýsköpun verði sinnt. Óásættanlegt er með öllu að slíkar stofnanir hafi markmið fjárvörslusjóða að leiðarljósi í rekstri sínum í stað þeirrar áhættufjármögnunar sem í raun ber að sinna, en um þetta eru því miður of mörg dæmi.

f.h. stjórnar Eyþings

  
Pétur Þorjónasson  
framkv.stjóri